

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2018  
UST201804-230/A.B.B.  
04.05

## **Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum - 467 mál. Umsögn**

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar til Umhverfisstofnunar frá 20. apríl sl. þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að veita umsögn um framkomið frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 467. mál.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

### **1. 11. gr. frumvarps um breytingar á 12. gr. laganna:**

Umhverfisstofnun bendir á að það er einn megingilgangur mats á umhverfisáhrifum að skoða ólíka kosti. Þegar matinu er lokið á eftir að útfæra nánar einstaka kosti sem koma til greina. Strangari tímarammi gæti að mati Umhverfisstofnunar haft þau áhrif á framkvæmdaraðila að hann vinni fremur að einum eða færri kostum og fullhanni heldur en að skoða fleiri valkosti um framkvæmd sína og því getur verið að það dragi úr tækifærum til að skoða raunverulega ólíka kosti áður en kemur að leyfisveitingum. Gildistími umhverfismats gæti fremur takmarkast af því hvort framkvæmd hafi tekið breytingum frá því sem tilkynnt var og fjallað um í mati á umhverfisáhrifum eða að það komi fram upplýsingar sem benda til að framkvæmd muni hafa önnur umhverfisáhrif heldur en gert var ráð fyrir í matinu, fremur en að stytta tímann til að endurtaka ferlið án þess að fyrir liggi breytingar á framangreindum atriðum. Eftir að umhverfismat framkvæmdar liggur fyrir þar sem fram koma niðurstöður og kröfur sem gera ætti til starfsemi og framkvæmda verður að vera nægilegt svigrúm fyrir hönnunaraðila og framkvæmdaraðila til að mannvirki og starfsemi séu hönnuð þannig að tekið sé fullt mið af því sem fram kemur í umhverfismatinu. Um það hvort fimm ár sé of skammur tími verður reynslan að leiða í ljós fari svo að ákvæðið nái fram að ganga en um er að ræða tíu ár í gildandi lögum. Þess má geta að vinnslutími starfsleyfa hjá Umhverfisstofnun eru um 8 mánuðir og á þeim

tíma er enn gert ráð fyrir því að gerð séu skilyrði til starfseminnar sem hafa bæði áhrif á rekstur og hönnun mannvirkja.

Einnig bendir stofnunin á að í 3. mgr. 21. gr. um nýtt ákvæði til bráðabirgða varðandi lagaskil að eldri ákvæði laganna gildi um endurskoðun matsskýrslu í þrjú ár frá gildistöku laganna. Umhverfisstofnun veltir því upp hvort þarna gæti verið um skort á samræmingu við önnur ákvæði frumvarpsins eftir að því var breytt en talað er um 5 ára gildistíma umhverfismats í öðrum ákvæðum.

## 2. **12. gr. frumvarps um breytingar á 13. gr. laganna:**

Fram kemur að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er grein fyrir samræmi milli leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar og rökstyðja sérstaklega ef í leyfinu er vikið frá niðurstöðu álitsins. Svo segir að leyfisveitandi skuli í greinargerðinni einnig taka afstöðu til annarra leyfisveitinga ef um það er fjallað í áliti Skipulagsstofnunar.


Umhverfisstofnun telur að ekki sé ljóst hvað við er átt með því að leyfisveitandi skuli taka afstöðu til annarra leyfisveitinga. Mikilvægt er að ákvæði um leyfisveitingar séu algjörlega skýr. Í lögum um fiskeldi er tekið fram að starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun og rekstrarleyfi gefið út af Matvælastofnun skuli afhent á sama tíma, en það segir ekki til um útgáfuna sem þýðir að leyfin geta í raun verið gefin út á mismunandi tíma.

Umhverfisstofnun telur að það þurfi að skýra skilmerkilega hverjar eru skyldur leyfisveitenda í samræmi við verksvið þeirra. Ef þarna er hugsunin að stilla saman leyfisveitingar ef tvö eða fleiri leyfi þarf fyrir sömu framkvæmt þarf að kveða skýrt á um hvernig það er gert. Það þarf ekki að vera samhliða leyfisveiting að leyfi sé gefin út af tveimur eða fleiri leyfisveitendum vegna sömu starfsemi eða framkvæmdar. Umhverfisstofnun telur kveða verði skýrt á um það í lögum ef skylt er að afgreiða tvö eða fleiri leyfi samtímis eða að setja reglu um að eitt leyfi sé afgreitt á undan öðru. Nauðsynlegt er að slík skilaboð séu skýr til umsækjenda og leyfisveitenda. Í umsögn Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og umhverfiseftirlit sagði:

*Í 5. mgr. 6. gr. er fjallað um tengsl leyfisveitingar við mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin telur að hér þurfi að koma fram vísun til skyldna leyfisveitenda skv. lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, að leyfisveitandi taki rökstudda afstöðu til niðurstöðu Skipulagsstofnunar hvað varðar tengsl við verksvið leyfisveitanda. Mjög mikilvægt er að þessi leiðbeining sé sett í reglugerðina til að taka af allan vafa sem er til staðar og úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur vitnað til að stofnunin eigi að taka á atriðum í niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum sem varðar verksvið stofnunarinnar og eftir atvikum í heild. Þetta skapar óvissu. Nauðsynlegt er að gefa haldbærar leiðbeiningar um hverjar séu skyldur stofnunarinnar/leyfisveitanda því þær verða að vera skýrar og ekki neinum vafa undirorpnar. Mikilvægt er fyrir alla aðila, umsækjendur, þá sem gera athugasemdir, leyfisveitiendur og aðra haghafa að leikreglur séu skýrar og málsmeðferð því einnig ljós*

*og reglur sem eru háðar túlkunum vegna óskýrleika séu ekki að lengja málsmeðferð í starfsleyfismálum eða setja ákvarðanir stjórnvalda í hættu á að verða felldar úr gildi.*

Er þetta hér áréttað til að varpa ljósi á tengsl mats á umhverfisáhrifum og leyfisveitinga í framkvæmd.

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst

  
Agnar Bragi Bragason  
teymisstjóri